

Tilmæli
Tillaga
Afgreiðsla

21/2024
A 1989/PRE
Forsætisnefnd

Endurskoðun á Helsingforssamningnum

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð hinn 31. október 2024 eftirfarandi tilmæli samkvæmt tillögu forsætisnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

- að þær skipi norræna nefnd sem vinni tillögur að breytingum að uppfærðri útgáfu af Helsingforssamningnum,
- að tillögur nefndarinnar innihaldi m.a.:

Nýjar greinar um norrænt samstarf um:

- Varnar- og öryggismál;
- almannaoöryggi, viðbúnað og samfélagsöryggi;
- loftslagsmál;
- réttindi barna og ungs fólks og inngildingu þeirra í norrænt samstarf almennt, þar á meðal hlutverk Norðurlandaráðs ungmenna;
- stjórnsýsluhindranir – afnám og fyrirhyggju.

Uppfærðar greinar um norrænt samstarf svo að þær eigi betur við samstarf og metnað sem felst í norrænu samstarfi í dag um:

- Félagsmál, þar á meðal að nefna norræna velferðarlíkanið og leggja áherslu á inngildingu barna og ungs fólks sem sjálfstæðan málaflokk;
- menntun, rannsóknir, menningu og tungumál;
- umhverfismál, þar á meðal líffræðilega fjölbreytni og náttúru;
- samgöngumál, þar á meðal stafræna innviði;
- aðila að Helsingforssamningnum, þar á meðal:

- að þátttaka í norrænu samstarfi byggist á jafnræði milli landanna og að þátttaka Álandseyja, Færeyja og Grænlands í norrænu samstarfi endurspegli þróunina í



sjálfstjórnarlöndunum og veiti sveigjanleika fyrir það sem ólíkt er og þróun til framtíðar, eða

- að ríkisstjórnir norrænu landanna skoði hvernig breyta megi Helsingforssamningnum til þess að efla þátttöku Álandseyja, Færeyja og Grænlands í norrænu samstarfi með hliðsjón af lagalegu sambandi á milli annars vegar Danmerkur, Færeyja og Grænlands og hins vegar Finnlands og Álandseyja;
- að norræns samstarfs um að gera norrænum gildum og sjónarmiðum hátt undir höfði á vettvangi ESB og EES sé getið í Helsingforssamningnum og að orðalag um norrænt samstarf við mótun og innleiðingu nýrra reglna verði meira bindandi;
- að fram fari almenn uppfærsla á orðalagi í samningnum og að tekin verði með norræn grundvallargildi eins og lýðræði, mannréttindi og jafnrétti;
- að stefnt sé að því að tillaga nefndarinnar að uppfærðum Helsingforssamningi liggja fyrir 2025 og geti tekið gildi 2026 (30 árum eftir að síðasta breyting tók gildi);
- að Norðurlandaráð eigi fulltrúa í nefndinni og hún starfi í samráði við Norðurlandaráð.

Reykjavík, 31. október 2024

Bryndís Haraldsdóttir,
forseti Norðurlandaráðs

Kristina Háfoss,
framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs